

Fundargerð 118. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 27. júní 2017, kl. 12.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Fjóla Hrund Björnsdóttir

Sigrún Árnadóttir,

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

Inná fund undir lið nr. 3 kom Gunnar Thoroddsen frá Ásbrú ehf.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Samruni dótturfélaga*

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað um möguleika á sameiningu dótturfélaga Kadeco sem KPMG tók saman fyrir félagið. Niðurstaða þess er að samruni dótturfélaga nái best fram markmiðum Kadeco um einföldun á eignarhaldi og rekstrarhagræðingu auk þess sem það ber minnstan kostnað. Stjórn samþykkti að velja þá leið sem lögð var til í minnisblaðinu og fól framkvæmdastjóra að hefja þá vinnu.

3. *Ásbrú ehf.*

Inn á fundinn undir þessum lið kom Gunnar Thoroddsen frá Ásbrú ehf.

Stjórn var upplýst um stöðu mála hjá Ásbrú ehf. varðandi leigu-/ og sölu íbúða á þeirra vegum á Ásbrú. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

4. *Önnur mál*

*Mál framkvæmdastjóra.*

Framkvæmdastjóri gerði munnlega grein fyrir hagsmunatengslum sínum og óskaði eftir að fá í framhaldi að leggja fram skriflega greinargerð um málið fyrir stjórn.

Ekkert fleira var rætt undir önnur mál.



Fjóla Hrund Björnsdóttir

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.18

